Í DEIGLU

Kjarval í handaskolum

— Kjarvalsstaðir eiga aðeins brot af verkum meistarans

— Engar rannsóknir - takmörkuð fræðslustarfsemi

Meistari Jóhannes Kjarval hefur umfram marga aðra, sett svip sinn á íslenskt þjóðlíf þessa öldina. Þessa dagana er það „Lífshlaup" hans, sem er mönnum umræðuefni. Festir Reykjavíkurborg kaup á þessu vinnustofuverki málarans — eða er hætta á að verkið fari úr landi, verði t.d. eign danskra listaverkasafnara eða safna?

En Kjarval hefur löngum verið börnum þessa lands hugleikinn, bæði sem listamaður, stórbrotinn málari og svo persóna. Hann var orðinn þjóðsagnaefni og reyndar heil listastofnun löngu fyrir dauða sinn.

Helgarpósturinn fór í stúfana nýlega og ræddi við ýmsa þá er hafa látið sig Kjarvalsmálefni skipta undanfarin ár og reyndi að hlera eftir þeirri „stefnu" sem mönnum finnst, að borgaryfirvöld hljóti að hafa, eða eigi að hafa, þegar okkar stóri málari á í hlut.

Einhvern veginn er það svo, að þegar opinberir aðilar hafa reynt að hafa afskipti af málefnum Kjarvals, hafa hlutir farið í handaskolum, deilur rísa fljótt og hátt, allt fer í hund og kött.

Kjarvalsstaðir

Reykjavíkurborg hefur vissulega ekki skort góðan vilja til að sinna Kjarvalsmálum af nokkurri reisn. Listamiðstöðin að Kjarvalsstöðum hefur nú verið starfrækt í átta ár. Starfsemi, eða öllu heldur rekstur þeirrar stofnunar, hefur reyndar verið tilefni deilna, stjórnmálamanna og listamanna — sem var svo leyst, að minnsta kosti í bili, með því að skipuleggja stjórn hússins á nýjan leik. Nú eiga fulltrúar Félags íslenskra myndlistarmanna og svo Bandalags listamanna, stjórnarfulltrúa í stjórn staðarins ásamt þremur borgarstjórnarfulltrúa.

Kjarvalsrannsóknir

Áhugafólki um myndlist, sem virða hina veglegu byggingu á Miklatúni fyrir sér, kemur fyrst í hug, að þar hljóti að fara fram rannsóknir á arfi Kjarvals, verkum hans og lífi. Spurningum um þau mál, er reyndar fljótsvarað: Svo er ekki reyndin.

Stjórn Kjarvalsstaða býður ekki upp á neina „stefnu" í tengslum við Kjarvalsfræði. Stofnunin á ekki nema brot af verkum Kjarvals. Númeruð Kjarvalsverk á Kjarvalsstöðum eru ekki nema liðlega 100. Og þau málverk sem stofnunin getur fyrirvaralítið hengt á veggi hússins, eru ekki nema um sextíu, svo fá „að varla dugir í eina sýningu" sagði einn stjórnarmanna Kjarvalsstaða blaðamanni.

Rekstrarfé Kjarvalsstaða er ákaflega lítið. Starfsmenn eru fáir og listfræðingur hússins, hefur reyndar mörgum öðrum störfum að gegna, en að sinna Kjarvalsrannsóknum. Kjarvalsstaðir eiga nefnilega, jafnframt því að vera safn Kjarvals, að vera alhliða menningarmiðstöð í Reykjavík, daglega opin almenningi, fræðandi og veitandi.

Gjöf Kjarvals

Við heyrum stundum talað um „gjöf Kjarvals". Meistarinn gaf Reykvíkingum skissur eftir sig, persónulega muni og svo peninga. Það undarlega við þessa gjöf er hins vegar sú staðreynd, að ómögulegt virðist vera að fá hana nákvæmlega tilgreinda. En gjöf var það. Og við spurðum Guðrúnu Helgadóttur, borgarfulltrúa, einn stjórnarmanna Kjarvalsstaða, hvaða verkefni hún teldi brýnust í sambandi við Kjarvalsfræðin. Arfurinn eftir Kjarval er stór. Borgin hlýtur að bera mikla ábyrgð.

„Það allra brýnasta" sagði Guðrún, „er að hefja skrásetningu og myndun Kjarvalsverka".

Hvar er þessi verk að finna — og hve mörg eru þau?

„Það hefur verið giskað á að Kjarvalsverk geti verið kringum þrettán þúsund talsins — og ég held að það sé ekki fjarri lagi".

En þessi verk hljóta að vera á einkaheimilum — áttu von á því að fólk verði samstarfsfúst, ef og þegar til skrásetningar kemur?

„Ég á von á því. Ég held að fólk beri það mikla virðingu fyrir listinni, að það fer varla að setja sig upp á móti því".

100 ára afmæli


Árið 1985 verður hundrað ára afmæli Jóhannesar Kjarvals. Þá er viðbúið að málarans verði minnst með ýmsum hætti, ekki hvað síst á Kjarvalsstöðum. Borgin hefur reyndar lengi munað eftir þessu afmæli og í tilefni af þessari ártíð, var Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur fenginn til að skrifa ævisögu málarans. „Við höfum lagt á það áherslu", sagði Guðrún Helgadóttir, „að Indriði lyki þessu verki. Ég reikna enda með að hann geri það. Hann hefur einu sinni komið á fund með stjórn Kjarvalsstaða þar sem hann gerði grein fyrir framvindu verksins.

Skriftahlé

Indriði tjáði blaðamanni að hann hefði víða farið og dregið að efni til bókar sinnar. Kvaðst hann einkum hafa lagt sig eftir því að frætast af fólki um Kjarval, að ná í þær *manneskjur* sem myndu meistarann vel og hefðu haft af honum náin kynni.

Indriði sagði jafnframt, að um þessar mundir sinnti hann lítt Kjarvalsskriftum og myndi ekki gera fyrr en á næsta ári, því að sitthvað hefði orðið til að hefta hann við starfið. Átti hann þá við „fólk sem virðist telja sig eiga Kjarval — það er eins og ég hafi stigið ofan í eitthvert hreiður. Það er nógu erfitt að skrifa bók", sagði Indriði, „þótt maður þurfi ekki líka að standa í illdeilum vegna verksins á meðan. Geta menn ekki beðið eftir bókinni?"





Persónulegir munir Jóhannesar Kjarvals eru varðveittir í kössum í geymslu Reykjavíkur að Korpúlfsstöðum — hver kassi innsiglaður og bíður fræðimannanna.



Fjársvelti

Undanfarin ár, hefur starfsfólk Kjarvalsstaða lagt mesta vinnu í að gera húsið að lifandi miðstöð sýninga og samkoma. Flestir munu samsinna að starfsemin hafi tekist nokkuð vel, að minnsta kosti ef miðað er við fyrstu ár stofnunarinnar.

En Kjarvalsstaðir þyrftu að verða miðstöð upplýsinga um Kjarval og reykvíska málaralist. Og það er enginn vafi, að starfsfólk hússins og stjórn þess, eru full með góðan vilja til að sinna þessu verkefni sínu. En það vantar peninga. Og það er skortur á starfsfólki.

Kjarvalsstaðir eiga að vera aðgengilegir skólum. Þar á að fara fram fræðsla um myndlist, myndasýningar, fyrirlestrar og fleira í þeim dúr. En þegar kemur að þeim þætti, kemur gjarna enn einn hængurinn á: Húsið sjálft. Starfsaðstaða er ekki svo stórkostleg og ókunnum gesti gæti virst, því að húsið er eiginlega ekkert annað en sýninga salir.

Kannski var engin ákveðin „stefna" mótuð og ákveðin þegar hafist var handa um hönnun og byggingu hússins.

Lífshlaupið

Það fer ekki hjá því, að manni detti ýmislegt skrýtið í hug, þegar moldviðri gýs upp kringum meistara Kjarval. Deilurnar um Kjarvalsstaði. Kjarvalshús á Seltjarnarnesi, þetta hús sem íslenska ríkið gaf Jóhannesi Kjarval til að búa í — og hann sté víst aldrei færi í. Það hús er nú heimili fyrir þroskaheft börn — og stendur reyndar til að það muni innan skamms koma íslenskum myndlistarmönnum að gagni. Og svo er það „Lífshlaupsmálið".

Þegar þessar línur eru skrifaðar, er Guðmundur Axelsson listaverkasali nýkominn frá Danmörku, þar sem hann, að eigin sögn, hefur verið í sambandi við einhvern aðila, sem hefur áhuga á að kaupa „Lífshlaupið".

Það yrði vitaskuld mikill missir, ef þessar myndir af veggjum vinnustofu Kjarvals hyrfu úr landi. Sá skaði yrði óbætanlegur. Má nefna margar ástæður þessa, og þá ekki síst þá, að Kjarval varð með fyrstu Íslendingum til að lifa af list sinni og töfra fram sín stóru verk í takti við sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Vinnustofa hans er stór kafli í íslenskri listasögu og reyndar þjóðarsögu.

Undanfarna daga og vikur höfum við lesið í dagblöðum fréttir af þessu „Lífshlaupsmáli". Eins og venjulega skiptast menn í tvö horn — og vitanlega spilar flokkspólitíkin þar inn í.

Helgarpósturinn þykist hins vegar hafa af því nokkrar spurnir, að óhætt sé að reikna með því að Guðmundur Axelsson selji borginni verkið. Tilboð það frá Danmörku, sem rætt hefur verið um, mun ekki vera jafnhátt og heyrst hefur, sumir telja jafnvel að ekki sé um neitt alvörutilboð að ræða. Það var að minnsta kosti einróma álit ráðamanna Kjarvalsstaða og reyndar fleiri sem við höfum rætt við, að á endanum myndi Lífshlaupið lenda á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir framtíðarinnar

Listamenn og listfræðingar vilja sjá Kjarvalsstaði rísa úr öskustónni og verða að þeirri fræðslumiðstöð, sem til stendur. Stofnunin á að verða miðstöð reykvískrar málaralistar, jafnframt því að verða aðsetur þeirra Kjarvalsrannsókna, sem svo áríðandi er að komist í gang hið fyrsta.

Í þeim málum stendur upp á borgaryfirvöld, að láta nú verða af því að sinna skyldum, kosta nokkru til að Kjarvalsmiðstöð verði að veruleika.

„Það er í rauninni stærsta hneykslið", sagði myndlistarmaður nokkur í samtali við Helgarpóstinn, „að Kjarval skuli vera dreifður á einkaheimili út um allt land. Almenningur í landinu hefur enga möguleika á að sjá verk síns stóra málara. Þetta er sambærilegt við að Norðmenn gætu ekki séð eða sýnt Edward Munch, Hollendingar Van Gogh og svo framvegis".

eftir Gunnar Gunnarsson **myndir: Jim Smart**